

1851

Föstudaginn 22. október 1993.

Nr. 385/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Óttari Má Ingvásyni.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Þvingunarúrræði samkvæmt 11. kafla laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í b-lið 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. september 1993, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 16. september um töku blóðsýnis úr ákærða til samanburðarrannsóknar í þágu máls nr. S-292/1992. Ákærði krefst þess, að hafnað verði kröfu ákærvaldsins um, að blóðsýni verði tekið úr sér, á þessu stigi málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 143. gr. laga nr. 19/1991 frestar kæra sem þessi ekki framkvæmdum. Fram er komið, að lækni tók blóðsýnið úr ákærða 21. september, og barst réttinum staðfesting þess efnis í dag. Varnaraðili hefur því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá réttinum.

Kærumálskostnaðar verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 16. september 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 16. september, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum Hafnarbraut 36, Höfn, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. S-292/1992: Ákærvaldið gegn Óttari Má Ingvásyni, um þá kröfu ákærandans, að tekið verði blóðsýni úr ákærða til samanburðarrannsóknar við fyrirliggjandi blóðsýni í málinu. Krafa þessi var sett fram í þinghaldi í dag, en mótmælt af hálfu ákærða. Að loknum munnlegum málflutningi var krafan tekin til úrskurðar.

Mál þetta var höfðað með ákæru, út gefinni af sýslumanninum á Höfn 3. maí 1993, á hendur Óttari Má Ingvasyni, kt. 190571-4089, til heimilis að Kirkjubraut 54, Höfn, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 1. ágúst 1992, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, fjórhjóli á samkomusvæði að Eiðum.

Ákærvaldið telur þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 4. mgr. 55. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á kröfu ákærvaldsins um, að tekið skuli blóðsýni úr ákærða, Óttari Má Ingvasyni, til samanburðarrannsóknar í þágu máls þessa.

Kæra úrskurðarins frestar ekki framkvæmdum.
